

Mál nr. 16/2013

Ár 2014, þriðjudaginn 22. apríl, var haldinn fundur í siðanefnd HRFÍ að Síðumúla 15, Reykjavík.

Fyrir var tekið mál nr. 16/2013

HRFÍ

gegn

A

og kveðinn upp svohljóðandi úrskurður:

I Málsmeðferð siðanefndar

Í erindi kæranda (HRFÍ) sem barst siðanefnd 15. október 2013 er farið fram á úrskurð siðanefndar vegna þess að kærða (A) hafi gerst brotleg við grundvallarreglur fyrir félagsmenn í HRFÍ með því að para tíkina Z við rakkann X án þess að tíkin hefði gilt augnvottorð.

Kæran var send kærðu til umsagnar með bréfi dagsettu 23. janúar 2014 og henni gefinn frestur til 21. febrúar til að koma að andmælum, en áður hafði kærða sent bréf ódagsett þar sem hún útskýrði ástæður pörunarinnar. Afrit af bréfi kærðu var sent kæranda til umsagnar sem svaraði ekki efnislega en óskaði eftir því að haldið yrði áfram með málið. Þar eð ekki hafa komið fram frekari gögn um málið hefur siðanefnd ákveðið að taka það til úrskurðar.

II Helstu málsatvik og ágreiningsefni

Samkvæmt innsendu pörunarvottorði dags. 24. apríl 2013 var tíkin Z pöruð við rakkann X hinn 28. desember 2012. Hundarnir eru af hundakyninu Golden retriever og er tíkin í eigu kærðu. Við pörunina var tíkin ekki með gilt augnvottorð og telur kærandi að með pöruninni hafi kærða brotið gegn grundvallarreglum fyrir félagsmenn í HRFÍ. Í innsendu bréfi kærðu kom fram að ekki hafi verið ætlunin að para tíkina heldur hafi pörunin orðið vegna ótrúlegrar kænsku rakkans og einlægs brotavilja, en rakkinn fór að sögn gegnum þrennar læstar dyr sem hann náði að opna með lykli og hleypa síðan tíkinni út úr búri. Engin dýralæknaþjónusta var tiltæk á svæðinu og kærða hafði vegna búsetu sinnar og ófærðar á svæðinu ekki tók á að fara með tíkina til þess að láta athuga hvort hún væri hvolpafull og eyða þeim ef svo væri. Þegar hún svo fékk dýralækni til skoðunar á tíkinni og í ljós kom að hún var hvolpafull var talið að of seint væri að eyða hvolpunum og ákveðið var að tíkin myndi klára meðgönguna. Tíkin var síðan augnskoðuð um leið og því var við komið.

III. Forsendur

Samkvæmt grundvallarreglum fyrir félagsmenn í HRFÍ skulu félagsmenn er nota hunda sína til ræktunar vera trúir ræktunarstefnu HRFÍ og vera vel að sér um það ræktunarmarkið sem gildir fyrir viðkomandi hundakyn og í reglugerð um skráningu í ættbók, reglur sérdeilda varðandi undaneldisdýr segir um hundakynið Golden retriever:

„Augnvottorð: Vottorð má ekki vera eldra en 18 mánaða við pörun. (Gildir frá 1.nóvember 1999). Greinist hundur með arfgenga vaxandi sjónúrýrnun (PRA) fást hvolpar undan honum ekki ættbókarfærðir. Hundurinn, foreldrar og afkvæmi hans eru sett í ræktunarbann. (Gildir frá 01.09.2012).

Óumdeilt er að á þeim tíma sem pörun fór fram hinn 28. desember 2012 var tíkin ekki með gilt augnvottorð. Samkvæmt reglum sérdeilda er ljóst að við pörun hunda af kyninu Golden retriever skal augnskoðun hafa farið fram og má vottorðið ekki vera eldra en 18 mánaða hjá undaneldishundum. Augnvottorðið er eitt þeirra vottorða sem áskilin eru um heilsufarsskoðun hundakynsins. Hefur kærða því gerst brotleg við grein 2.6 í grundvallarreglum fyrir félagsmenn í HRFÍ.

Kemur þá til skoðunar hver séu hæfileg viðurlög við brotinu. Kærða hefur upplýst að ekki hafi verið um ásetning að ræða, heldur hafi pörunin orðið óviljandi. Þá hafi hún farið með tíkina í augnskoðun strax og því var við komið og tíkin til allra heilla hafi staðist þá skoðun. Siðanefnd telur það þó ekki breyta brotinu að tíkin hafi staðist augnskoðun eftir á. Kærða gat ekki séð það fyrir að tíkin stæðist skoðun. Þá er það alfarið á ábyrgð ræktenda að hundar parist ekki fyrir slysi. Þó skal litið til þess að kærða hefur ekki áður svo vitað sé brotið reglur félagsins og telur siðanefnd að hæfileg viðurlög við brotinu sé áminning.

IV Niðurstaða

Kærða A telst hafa gerst brotleg við grein 2.6 í grundvallarreglum fyrir félagsmenn í HRFÍ.

Kærða er áminnt.

f.h. siðanefndar

Guðríður Þorbjörg Valgeirsdóttir

Hilmar Sigurgíslason

Kristín Sveinbjarnardóttir